

Samskipta- og siðareglur stjórnar EFÍA

Samskipta- og siðareglur stjórnar Eftirlaunasjóðs FÍA

1. gr. – Gildissvið reglnanna

Þessar reglur taka til stjórnarmanna í Eftirlaunasjóði FÍA, bæði aðal- og varamanna. Um framkvæmdastjóra sjóðsins gilda starfsreglur sem stjórn setur honum. Framkvæmd dagslegs rekstrar sjóðsins er að öðru leyti úthýst til Arion banka hf. Reglur rekstraraðila gilda um starfsfólk sem sinnir rekstri og eignastýringu sjóðsins.

2. gr. – Markmið reglnanna

Stjórnarmenn EFÍA gerir sér ljósa þá ábyrgð sem því fylgir að hafa umsjón með fjármunum sem eru í eigu sjóðfélaga. Markmið þessara reglna er að stuðla að góðum starfsháttum og samskiptum. Stjórnarmenn EFÍA áréttu mikilvægi þess að slík samskipti byggji á almennum grunnreglum sem tryggja gott viðskiptasiðferði og hagsmuni sjóðfélaga. Með undirritun þessara samskipta- og siðareglna skuldbinda stjórnarmenn sjóðsins sig til að hlíta reglunum eins og þær eru á hverjum tíma.

3. gr. – Góðir starfshættir

Stjórnarmenn skulu halda í heiðri þá frumskyldu sína að fylgja þeim lögum og reglum sem starfsemi lífeyrissjóðsins eru sett á hverjum tíma. Virðing er borin fyrir markmiðum og tilgangi laga. Unnið er með eftirlitsaðilum með eins jákvæðum hætti og kostur er og frumkvæði tekið í samskiptum við þá ef nokkur vafi leikur á því hvort einstakar ákvarðanir eða aðgerðir séu í samræmi við lög og reglur. Stjórnarmenn skulu hafa góða samvinnu við eftirlitsaðila og veita þeim aðgang að öllum þeim upplýsingum sem þeir þarfnast til að sinna störfum sínum.

Stjórnarmenn skulu hafa heiðarleika og trúmennsku að leiðarljósi í allri sinni starfsemi. Gæta skal þess að stjórnskipulag sjóðsins og stjórnþæki geri það að verkum að starfsemin sé hagkvæm og áhættustýring sé góð. Það er stefna sjóðsins að fjárhagsstaða hans sé ávallt nægjanlega traust til að hann geti staðið við skuldbindingar sínar.

Stjórnarmenn skulu ávallt hegða sér á markaði í samræmi við góðar siðareglur þar að lútandi, samanber verklagsreglur sjóðsins um verðbréfavíðskipti.

Stjórnarmenn skulu í allri starfsemi sinni gæta hagsmuni sjóðfélaga sinna og veita þeim eins góða þjónustu og hann hefur tök á. Gæta skal þess að sjóðfélagar fái ávallt nægjanlegar upplýsingar um stöðu sína og rétt, eigi auðvelt með að nýta sér þá þjónustu sjóðsins og fái sanngjarna og réttláta afgreiðslu. Ávallt skal leitast við að veita viðeigandi og hlutlæga ráðgjöf til sjóðfélaga.

4. gr. – Upplýsingaskylda og hagsmunaárekstrar

Til að sjálfstæði og trúverðugleiki EFÍA verði tryggt þarf að ríkja gagnsæi við ákvarðanatöku innan hans. Stjórnarmönnum ber að vera vakandi fyrir öllum tengslum sem geta leitt til hagsmunaárekstra, t.a.m. gagnvart fjölskyldu, vinum, fyrirtækjum eða félögum. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar tengdir starfsemi sjóðsins skaði hagsmuni hans og sjóðfélaga. Það er hlutverk stjórnar og annarra stjórnenda sjóðsins að leysa úr álitamálum sem upp koma um tengsl af þessum toga. Nánari ákvæði um hæfi og vanhæfi stjórnarmanna er að finna í starfsreglum stjórnar.

Þar sem upp koma hagsmunaárekstrar í samskiptum sjóðsins við aðra, eða í samskiptum við sjóðfélagi innbyrðis vegna málefna sjóðsins skal sjóðurinn ávallt leitast við að tryggja sanngjarna og réttláta málsmeðferð.

Stjórnarmenn mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

5. gr. – Gjafir og boð

Stjórnarmönnum er óheimilt að þiggja gjafir, boð eða önnur fríðindi af þjónustuaðilum og viðskiptavinum sjóðsins. Með þjónustuaðilum er átt við alla aðila sem með einhverjum hætti eru í samskiptum eða viðskiptum við sjóðinn. Undanþegnar eru jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan marka sem teljast algeng í slíkum tilvikum og verða ekki taldar til tekna samkvæmt mati skattfyrivalda. Jafnframt eru undanþegnar gjafir sem byggðar eru á persónulegum tengslum sem ekki verða rakin til viðskipta við lífeyrissjóðinn eða boð á menningar- eða íþróttaviðburði á starfssvæði

sjóðsins. Ennfremur er heimilt að þiggja viðeigandi viðurgjöorning í tengslum við samskipti við þjónustuaðila.

Sé stjórnarmaður í vafa um hvort honum sé heimilt að þiggja gjöf eða boð skal hann leita álits stjórnarformanns og skal það bókað á stjórnarfundi.

6. gr. – Boðsferðir og starfstengdar ferðir

Stjórnarmönnum er óheimilt að þiggja boðsferðir af innlendum og erlendum þjónustuaðilum eða öðrum viðskiptavinum sjóðsins. Boðsferðir eru til að mynda skemmtiferðir hverskonar, s.s. veiðiferðir og golfferðir. Stjórnarmönnum er þó heimilt að sækja kynningar um fjárfestingarkosti sem eru til þess fallnar að afla upplýsinga og þekkingar sem að gagni koma við rekstur sjóðsins og gera þannig viðkomandi hæfari til að sinna starfi sínu. Kynningarnar skulu hafa skýrt kynningarinnihald sem byggir á gögnum sem lögð eru fram því til stuðnings. Slíkum gögnum skal haldið til haga í minnst eitt ár. Krefjast slíkar kynningar ferðalaga skal það tekið fyrir á stjórnarfundi og formleg heimild veitt til þess. Lífeyrissjóðurinn skal halda yfirlit yfir þær ferðir sem stjórnarmenn fara vegna starfa sinna.

7. gr. – Brot á reglum

Sá sem hefur grun eða vitneskju um brot á reglunum skal upplýsa stjórnarformann eða varaformann um það. Brot á reglunum skal taka til umfjöllunar á stjórnarfundi.

8. gr. – Samþykkt, endurskoðun og birting

Þessar reglur skal endurskoða árlega eða eftir því sem þörf er á. Nýir stjórnarmenn skulu undirrita þær á fyrsta fundi eftir ársfund þegar ný stjórn tekur til starfa.

Birta skal þessar reglur á heimasíðu sjóðsins.

Samþykkt á stjórnarfundi þann 28. maí 2025